

Kristján Pétursson, Skriðnafelli:

Vegir í V-Barðastrandarsýslu og snjómokstur á Kleifaheiði

Í Þjóðviljanum 2. mars sl. birtist grein eftir Björn Ólafsson vegaverkfræðing á Ísafirði ásamt töflu er sýnir vegaástand í V-Barðastrandarsýslu auk annarra landshluta. Í töflu þeirri er haldið fram að V-Barðastrandarsýsla hafi upp á bestu vegi landsins að bjóða og einnig er sagt í grein Björns að það sé fyrir dugnað og vakandi auga Braga Thoroddsens vegavinnuverkstjóra á Patreksfirði.

Það eru vegfarendur sjálfir sem geta borið best um vegaástand í V-Barðastrandarsýslu og þá þjónustu sem íbúarnir hafa þurft að búa við um áratugi.

Vegaástand í V-Barðastrandarsýslu í stuttu máli er þetta:

Í Ketildalahreppi er vegurinn svona: Niðurgrafinn, stórgrýti víða uppúrstandandi og vatnsstreymi víða mikið á vegi og lokast í fyrstu snjóum.

Skrifað í tilefni af grein Björns Ólafssonar vegaverkfræðings

Í Suðurfjarðarhreppi eru að visu smáspottar uppruddir en skortir mikinn ofaniburb. Vegurinn er víða niðurgrafinn, vatnskorningar og blindhæðir og hlykkir í knöppum beygjum. Vegurinn yfir Hálfán skortir alls staðar mikinn ofaniburb og vatnsrennsli víðast hvar óhindrað á veginum.

Í Tálknafirði eru mjóir hlykk-

óttir vegir, snauðir af ofaniburb. Vatnið streymir víða á veginum. Vegurinn frá Tálknafirði og til Patreksfjarðar er að visu samlegur sunnanverður, en norðanverður eru sömu trúningarnir og búnir eru að vera í áratugi.

Í Patreksfirði eru vegir snauðir af ofaniburb, hlykkjóttir, niðurgrafir, vatnsrennsli víða á vegi og einnig stórgrýti uppúrstandandi. Að það einkum við að sunnanverðu í Patreksfirði. Vegurinn úr Örylgshöfn og út á Látra var þannig að þeir bíllar sem fóru hann á líbnu sumri komu margir stórskemmdir til baka af stórgrýti sem stendur upp úr þeim vegi. Vegurinn yfir Skersfjall hefur oft reynst raub-sendingum og öðrum vegfarendum erfiður. Víða er það beljandi vatnsstreymi og oft koma á hann slæmir sveibunkar. Í Bjarngötudal, einkum, þræða knappar og vonda beygjur brúnir hengiflugsins og hefur þar oft ekki mátt miklu muna að yrðu stórslys.

Þá er sú margumtalaða Kleifaheiði. Mikið má þar gera til þess að hún teljist í flokki góðra vega. Öbrúabir lækir, illa gengið frá vatnsrásum og vatnsstreymi víða á veginum.

Þá er Barðstrandarvegur. Hann skortir víðast hvar mikinn ofaniburb og mjög illa er gengið frá vatnsrásum. Einnig er stórhættuleg brú á ánni Mör. Á svokölluðum Siglunesvegi hefur ekki verið kastað malarhlassi, komin rúm þrjú ár, og á löngum spottum hefur aldrei verið borið ofan í.

Fyrir nokkrum árum var vegurinn færður upp í túnið á jörðinni Skriðnafelli, farið með jarðötu upp í túnið og ýtt öllu lífvænu efni í veginn á stóru stykki og svart flag skilið eftir. Ekki vantaði að Bragi Thoroddsen lofaði að koma bæði með áburð og grasfræ og sá í áðurnefnd túnsþjöll, en það er ekki komið ennþá. Einnig lét vegagerðin grafa skurð meðfram veginum á líklega 80–100 metra löngum spotta. Þannig háttar til að vegurinn liggur í gegnum túnið á Skriðnafelli. Uppgreftri úr skurði þeim, sem vegagerðin lét grafa, var kastað fast að girðingunni og upp í virinn. Vatn safnast við ruðning þennan sem veldur talsverðu kali í túninu.

Vegurinn á Hjarðarnesi hefur vanalega lokast í fyrstu snjóum svo íbúar hafa verið einangraðir frá öllu vegasambandi á veturna. Þessir góðu vegir í V-Barðastrandarsýslu sem Björn Ólafsson talar um í grein sinni, hljóta að vera einhverjar loftbrýr sem eru ósýnilegar fyrir almenning, og væri vel gert hjá Birni að vísa hinum almenna borgara á þessa ósýnilegu vegi.

Vik ég þá að snjómokstrinum á Kleifaheiði og þeirri þjónustu sem barðstrendingar hafa orðið að búa við. Það er alltaf sama sagan með það að ákveða vísu daga til að moka Kleifaheiði sem er mjög hláleg stjórnsýsla. Á sl. hausti tilkynnti Bragi Thoroddsen oddvita Barðstrandarhrepps að Kleifaheiði yrði mokuð tvisvar í viku í vetur, á þriðjudögum og fimmtudögum. Kleifaheiði var snjólétt framán af vetri og þurfti ekki mikinn mokstur allt fram í febrúar. En eftir það kyngdi niður snjó, enda var ekki mokuð heiðin nema einu sinni í viku og stundum ekki það og þá alltaf valdir verstu byldagarnir en góðum sleppt. Er ekki hægt að segja annað en að það séu hláleg vinnubrögð og bendir á að það sé ekki mikil verkhyggni þar bak við og ekki mikil umhyggja fyrir að veita sem hagkvæmasta þjónustu, enda helst vegur aldrei opin daginn út á Kleifaheiði í vetur eftir að snjó fór að festa þar.

Barðstrendingar verða að hafa öll sín viðskipti við Patreksfjörð.

Þar eru fyrir nærliggjandi héróð læknar, sjúkrahús, verslanir, bankar, Póstur og sími og mjólkurstöð.

Því aðeins geta barðstrendingar notfært sér þessar þjónustugreinar að haldið sé opnum samgönguleiðum við Patreksfjörð. En þar hefur orðið mikill misbrestur á. Bragi Thoroddsen vegavinnuverkstjóri verður að skilja að hann er aðeins þjónn en ekki herra. Það kom fyrir að menn hér af Barðaströnd freistuðu þess að fara á Patreksfjörð þessa daga sem mokað var. Ef þeir báðu vegagerðina um aðstoð til að komast heim var vanasvarið hjá Braga að þeir skyldu bara gista. Þetta var öll aðstoðin frá vegagerðinni. Það var ekki verið að hugsa mikið út í að fólkið þurfti að komast heim til sín og hefði skyldustörfum að gegna. Æði margt var að gera hjá þessu fólki þegar heim kom, því bændur á Barðaströnd eru allir einyrkjar og fáar hendur heima fyrir að vinna þau störf sem gera þarf.

17. apríl sl. var komið að því að barðstrendingar fóru að hella niður mjólk. Öll flát voru orðin undirlögð sem bændur höfðu til og mjólkinn orðin það gömul að hún lá undir skemmdum. Blíðskaparveður var strax með birtingu, og 17. apríl hringdi oddviti Barðstrandarhrepps í Braga Thoroddsen vegavinnuverkstjóra á Patreksfirði og vildi að Kleifaheiði yrði opnuð svo mjólkinn yrði sótt. En ýmsar vífillengjur voru hjá Braga með mokstur. Það voru ekki til menn, ekki til tæki. Það væri svo mikill mokstur að dagurinn mundi ekki endast til þess, og svo framvegis. En jarðbóta stóð að vestanverðu við heiðina aðgerðarlaus og nógir menn til. Oddvita líkaði ekki þessi málaðlok hjá Braga og var að skýra málstað barðstrendinga fyrir honum. En Bragi sagði við



Kristján Pétursson

oddvita að hann mundi hvorki nenna að tala við hann né hlusta á.

Það var hægt að moka á Rauðasand og út á Látra og í fleiri staði en útilokað var að moka á Barðaströnd þennan dag. Akveðið var að jarðbóta færi með sleða yfir heiðina og næði í þá mjólk sem kæmist í hann, en ekki voru það ráð Braga Thoroddsen. Ýtumaður sá er fór í þennan mjólkurflutning vildi moka heiðina og taldi að það væri 6–7 tíma verk og hann væri ekki lengur að koma heldur en að druslast með þennan sleða. En gervikóngur vegamála harðneitaði að hreyft yrði við snjó á Kleifaheiði í það skipti, þó að hvorki tækja- né mannaskortur stæði í vegi.

Á Barðaströnd eru rúmlega 200 íbúar. Þetta fólk býr við algjört öryggisleysi og mjög ófullkomna þjónustu á flestum sviðum og stafar það fyrst og fremst af samgönguleysi á veturna við Patreksfjörð. Það verður ekki alltaf komið skjóling á Patreksfjörð þegar heiðin er ekki mokuð nema einu sinni í viku og ekki það. Mjólkursamlag V-Barðastrandarsýslu nær yfir 5 hreppa, og Barðstrandarhreppur er með langmest mjólkurmagn af þessum 5 hreppum og þó eru þeir útundan með mjólkurflutninga. Bændur verða að kaupa áburð og fóðurþæti fyrir sem skiptir hundruðum þúsunda auk annars reksturs er varðar kúastofninn. Hver er svo afraksturinn? Bændur mega búast við því á hverjum einasta vetri að þurfa að hella niður mjólk meira og minna fyrir það öryggisleysi er barð-

Framhald á bls. 14.

Kristinn Pétursson:

Athugasemd

við „Íslenska grafík, yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum 1976“

Í meðfylgjandi pésa með sýningunni er kafli, sem heitir: „Grafískir punktar í stórum dráttum“. Í pésanum stendur eftirfarandi:

„1934, Alþýðublaðið (sunnudagsblað) byrjar birtingar á forsiðumyndum, sem skornar voru í dúk og þrykktar beint í blaðið. Þetta framtak stóð yfir til ársins 1936. Höfundar voru Asgeir Bjarnþórsson, Eggert Laxdal, Snorri Arinbjarnarson, Jóhann Briem o.fl.“

Ad geta um þetta með Alþýðublaðið var ágætt en hvi var þagað yfir því, að á sama ári, 1934, hafði ég líklega þá fyrstu og í öllu falli stærstu grafisku einkasýningu, sem hér hefur verið haldin til þessa dags. Yfir 60 raderingar og fjöldi teikninga. Er þrjár af þessum raderingum nú á „Íslensk grafík“ á Kjarvalsstöðum. Aratuginn 1930–1940 vorum við Guðmundur Einarsson frá Miðdal þeir einu hér, sem höfðum raderingar til sölu.

Í pésanum stendur eftirfarandi:

„1938. Barbara Arnason sýnir tréstrungur o.fl. í Markaðsskalanum við Ingólfsstræti.“

Ad veikja athygli á sýningu Barðora Arnason er gott og blessað,

Kristinn Pétursson.

Útvarp sjónvarp

Útvarp

- 7.00 Morgunútvarp Vebur-fregnr kl. 7.00, 8.15 og 10.10. Morgunstud barnanna kl. 8.45: Kristján Jónsson les „Fylupokana“, sögu eftir Valdís Óskarsdóttur (2). Tilkynningar kl. 9.30. Létt lög milli atriða. Kirkjutónlist kl. 10.25: Händel-kórinn í Berlín syngur andleg lög. Morguntónleikar kl. 11.00: Arthur Grumiaux og Robert Veyron-Lacroix leika Sónötu í A-dúr fyrir fiðlu og pianó op. 162 eftir Franz Schubert/Claudio Arrau leikur á pianó „Davidsbündler-tänze“ op. 6 eftir Robert Schumann.
- 13.00 Við vinnuna: Tónleikar.
- 14.30 Miðdegissagan: „Myndin af Dorian Gray“ eftir Oscar Wilde Valdmar Lárusson les þýðingu Sigurðar Einarssonar (15).
- 15.00 Miðdegistónleikar Björn Boysen leikur á orgel „Pastoral“ op. 34 eftir Fartein Valen: Konunglega hljómsveitin í Stokkhólmi leikur „Miðsumarvöku“, sænska rapsódíu op. 19 nr. 1 eftir Hugo Alfvén: höfundur stjórnar. Filharmóniusveit Berlínar leikur „Vorblót“, ballettmúsík eftir Igor Stravinsky: Herbert von Karajan stjórnar.
- 17.00 Lagid mitt Berglind Bjarnadóttir kynnir óskálög barna innan tólf ára aldurs.
- 17.30 „Eitthvað til að lifa fyrir“ eftir Victor E. Frankl. Hólmfríður Gunnarsdóttir les þýðinguna á bók eftir austurrískan geblækni (5).
- 19.35 Íslenskar eiturjurtir og eitruð varnarlyf Ingólfur Davíðsson grasafræðingur flytur erindi.
- 19.55 Einsöngur í útvarpsal: Ingimar Sigurðsson syngur íslensk og erlend lög. Guðrún Kristinsdóttir leikur á pianó.
- 20.20 Sumarvaka a. Tveir á ferð um Tungu og Hlíð Halldór Pétursson flytur síðari hluta frásögubáttar sin. b. Ljód eftir Jakob Jóh. Smára Bryndís Sigurðardóttir les úr fyrstu ljóðabók skáldsins, Kaldavermslum. c. Forvitni-Jón Rósa Gísladóttir les úr þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar.
- 21.00 Frá listahátíð: Útvarp frá Háskólabíói Pascal Rogé planóleikari frá Frakklandi leikur: a. Tver

ballötur eftir Chopin, — nr. 1 í g-moll op. 23 og nr. 4 í f-moll op. 52. b. Tilbrigði og fúga op. 24 eftir Brahms.

- 21.45 Útvarpsátt: „Síðasta freistingin“ eftir Nikos Kazantzakis Sigurður A. Magnússon les þýðingu Kristins Björnssonar (40).
- 22.25 Kvöldátt: „Hækkandi stjarna“ eftir Jón Trausta Sigríður Schiöth les.
- 22.50 Nútímatónlist Þorkell Sigurbjörnsson kynnir.

Sjónvarp

- 20.00 Fréttir og veður
- 20.40 Bláleigan, Þýðandi Bríet Héðinsdóttir.
- 21.05 Nýjasta tækni og vísindi Eldvarnir í háhýsum. Myndun tungls og jarðar og landrekskenningin Umsjónarmaður Sigurður H. Richter.
- 21.30 Töfraflautan Ópera eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Svíðsetning sænska sjónvarpsins. Leikstjóri Ingmar Bergman. Aðalhlutverk Josef Köstlinger, Irma Urrila, Hakan Hagegard, Ulrik Cold, Birgit Nordin og Ragnar Ulfung. Eric Ericson stjórnar kór og hljómsveit sænska útvarpsins. Þýðandi Óskar Ingimarsson. Töfraflautan var fyrst sett á svið haustið 1791 í Vinarborg. Mozart hafði samið óperuna um sumarið fyrir áeggjan vinar síns, Schikaneders leikhússtjóra. sem einnig samdi textann, og byggði hann að hluta á ævintýri eftir Christoph Wieland, sem um þessar mundir var í fremstu röð þýskra skálda. Aðalsöguhetja óperunnar er sveininn Tamínó. Hann er á veiðum, þegar dreki mikill og illvígur ræðst að honum. Það verður honum til bjargar, að þrjár þjónustumejar drottningar ber þar að. Þær vinna á drekanum og segja drottningu sinni, hvað fyrir þær hefur borið. Drottningin segir nú Tamínó frá dóttur sinni, Pamínu, sem númin var á brott af töframanninum Sarastró. Það verður úr, að Tamínó heldur af stað til að heimta meyna úr höndum töframansins. Hann er vopnaður töfraflautu, sem nátturdrottningin hefur gefið honum, og með honum í för er fyglingurinn Papagenó, ógætinn í tali og dálítið sérsinna.